

Hljómfagur sextett í Gerðarsafni

MYNDLIST

Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn

BLÖNDUÐ TÆKNI, FIMM LISTAMENN OG SÝNING-ARSTJÓRI

Til 20. desember. Sýningin er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 11–17.

SÝNINGARSTJÓRAR eru stundum milli tannanna á fólki og sumir vilja allt illt um þá segja. Vinna þeirra er oft umdeild, sérstaklega þegar um stórar alþjóðlegar sýningar er að ræða. Starf sýningarstjórans er vandasamt og krefst mikils bæði í sköpun og skilningi. Hlutverk hans er stórt, sérstaklega þegar um sam-sýningar er að ræða. Ég veit að ekki eru allir sammála en mér finnst sýningarstjóri oft vera eins og einn af listamönnum, svo afgerandi áhrif hefur hann á sýningu í heild. Val á lista-mönnum, verkum, framsetning þeirra o.s.frv. er listræn vinna út af fyrir sig þar sem ekki er aðeins stuðst við listfræðipækkingu heldur þarf meira til, skapandi þátt sem er meira í ætt við vinnu listamanns en fræðimanns. Þegar um samsýningar er að ræða sem að auki hafa ákveðið þema að leiðarljósi er hlutverk sýning-arstjórans sérstaklega vandmeðfarið. Sýning er sköpunarverk þar sem sýningarstjórinn stillir verkum upp eftir bestu getu, ekki bara þannig að allir listamennirnir fái að njóta sín sem best eða fái mest pláss heldur þannig að hann skapi nýtt heildarverk. Hann þarf líka að geta stigið skref afturábak og leyft listaverk-unum að njóta sín án þess gera þau að mál-pípum eigin skoðana eða hugmynda.

Kyrr birta – heilög birta er þriðja sýningin sem Guðbergur Bergsson rithöfundur setur upp í Gerðarsafni. 1998 sýndi hann Stytturnar hans Sæmundar og í lok árs 2000 var það Lífs-hlaup, verk úr safni Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur. Þær sýning-ar tókust vel og hér er það sama uppi á ten-ingnum.

Guðbergur er á vissan hátt að fylgja hefð þegar hann gerir birtuna að meginþema þess-arar sýningar. Allt frá því að Þórarinn B. Þor-láksson málaði málverk sín á björtum sumar-nóttum fyrir rúmri öld hefur birtan verið eitt meginviðfangsefni íslenskra landslagsmálara ásamt litunum sem hún dregur fram. Birta og myrkur er eitt af því fyrsta sem mörgum íbú-um sunnar í álfunni kemur í hug þegar Skand-inavía eða Ísland ber á góma og haldnar hafa verið stórar sýningar á list Norðurlanda í kringum aldamótin 1900 sem hafa dregið nafn sitt af birtunni, sýningarnar Norrænt ljós og Ljós úr norðri.

Á hinn bóginn er hann Guðbergur persónu-legur í vali sínu því hann velur listamennina út frá því sem honum finnst að búi að baki verkum þeirra en ekki til dæmis aðferðum þeirra eða efni eins og stundum er gert. Hann er líka frumlegur því hingað til hefur ekki verið fjallað um verk þessara listamanna sérstaklega út frá þessu sjónarhorni. Það er líka augljóst að hann þekkir listaverkin vel og þykir vænt um þau en sýningin sjálf og sýningaraskrá eru unnar af mikilli alöð. Listamennirnir fimm virðast kannski ólíkir en þegar komið er inn á sýn-inguna renna verk þeirra saman í ótrúlega samhljóma heild og áhersla Guðbergs á birt-una sýnir þau í nýju ljósi á mjög fallegan hátt. Nafn sýningarinnar skapar einnig ákveðna stemningu sem ekki yfirgefur mann á meðan hún er skoðuð, birtan stelur senunni frá forni, efni og lit.

Það má segja að listamennirnir Ásgerður Búadóttir veflistarkona, f. 1920, Brynhildur Þorgeirsdóttir myndhöggvari, f. 1955, Eyborg Guðmundsdóttir, strangflatarmálari 1924–1977, Hringur Jóhannesson málari, 1932–1996, og Vilhjálmur Þorberg Bergsson málari, f. 1937, séu og hafi hvert og eitt verið fulltrúar ólíkra listastefna, það er helst að Eyborg og Ásgerður tengist gegnum abstrakt listina. Vef-myndir Ásgerðar Búadóttur eru flestum kunn-ar. Ásgerður vinnur óhlutbundið en með hlið-sjón af formum náttúrunnar, í verkum hennar eru ljós og myrkur sterkir þættir bæði í lit og efnisnotkun. Hrein og einföld form mynda hennar er einnig að finna í verkum Eyborgar Guðmundsdóttur, en af þessum hópi er hún lík-lega sú sem minnst hefur verið kynnt hér á landi. Hún var einn helsti fulltrúi Íslendinga í strangflatarmálverki, þar sem beinar línur og hrein form ráða ríkjum og í optískri list, sem byggist á sjónblekkingu sem náð er fram til dæmis með háttbundnum línum eða vissri lita-notkun. Hún hóf myndlistarnám tiltölulega seint eða um 25 ára að aldri er hún fór til Par-



Í forgrunni er verk Brynhildar Þorgeirsdóttur í Gerðarsafni, Fjall X, og í bakgrunni verk eftir Ásgerði Búadóttur, Sjö lífsfletir.

ísar. Hún stundaði nám við Académie Julien um skeið en var þá svo heppin að kynnast hin-um þekktu listamanni og aðalsmanni optískrar listar, Victor Vasarely, og naut tilsagnar hans. Hún tók m.a. þátt í starfshópi 30 abstraktlista-manna, Groupe Measure, og sýndi með þeim auk þess að taka þátt í fjölda annarra sýninga hér heima og erlendis. Hér heima hélt hún þrjár stórar einkasýningar og skipulagði af mikilli elju listsýningar sem ferðuðust um land-ið. Hún lést aðeins rúmlega fimmtug að aldri. Sérhæfing Eyborgar naut lítillar hylli hér á landi og fékk hún litla hvatningu nema frá starfsfélögum sínum.

Málverk Hringss Jóhannessonar eru vel þekkt, verk hans eru í anda poplistar og ný-raunsæis en ávallt á persónulegum forsendum og með huglægum undirtónum. Þegar hann málaði hluti virtist alltaf búa eitthvað meira að baki og tilgangur landslagsmynda hans er aldrei sá að sýna einhvern ákveðinn stað. Það er einmitt þessi huglagi undirtónn sem Guð-bergur dregur fram hér á þessari sýningu. Strangflatarverk Eyborgar og málverk Hringss vinna ótrúlega skemmtilega saman og vega hvort annað upp, abstrakt þáttur verka hennar minnir t.d. á hversu langt málverk Hringss eru frá því að vera raunsæ, hver pensildráttur í verkum hans er fullkomlega óhlutlægur út af fyrir sig.

Verk Vilhjálms Þorberg Bergssonar búa yfir ljósi jafnt sem myrkri og birta sterka innri sýn sem áhorfandinn finnur samhljóm með. Á þess-ari sýningu kallast svo mjúk form hans á við höggmyndir Brynhildar Þorgeirsdóttur sem eru úr hörðu efni en með mjúkum línum. Sér-stök efnismeðferð hennar og samsetning efna eins og glers og steinsteypu er í forgrunni í þessu samhengi, birtan í glerinu og þungi mas-sífra efna. Þannig virka forsendur Guðbergs á skapandi hátt fyrir verk allra listamannanna, ekki síst tekst honum að láða fram þátt fegurð-arinnar í þeim. Í texta í sýningaraskrá setur hann fram túlkun sína á list þeirra út frá vangaveltum um birtuna. Hann leggur áherslu á hina heilögu birtu eins og fram kemur í titli sýningarinnar. Textinn er athyglisverður og á sterkan þátt í að skapa andrúmsloft sýning-arinnar og birta áhorfendum nýja sýn á lista-verkin. Á sama tíma eru listamennirnir sem um er að ræða svo mótaðir hver fyrir sig og í svo háum gæðaflokki að verk þeirra standa sterk og óháð öllum túlkunum, fyrst og síðast lífa þau sjónrænt áfram í huga hvers og eins.

Gerðarsafn stendur sig mjög vel meðal safna á höfuðborgarsvæðinu, sýningarhald safnsins er lifandi, fjölbreytt og atorkusamt. Sýningin Kyrr birta – heilög birta er fyrst og fremst fal-leg sýning þar sem ríkir kyrrð og andrúmsloft ihugunar. Hún nýtur sín sérstaklega vel í þess-um myrkasta mánuði ársins þegar ljósaskiptin vara daglangt.

Ragna Sigurðardóttir

MENNING LISTIR

NÆSTU VIKU

MYNDLIST

Borgarskjalasafn Rvíkur: Reykjavík í hers höndum. Til 2.2.

Galleri@hlemmur.is: Hrafnhildur Arn-ardóttir. Til 8. des.

Gallerí Fold, Rauðarárstíg: Harry Bil-son í Baksal. Ljósafold: Guðmundur Hannesson. Til 8. des.

Gallerí Skuggi: Anna Þóra Karlsdóttir og Guðrún Gunnarsdóttir, Tó-Tó. Til 22. des.

Gallerí Sævars Karls: Hekla. Til 13. des. **Gerðuberg:** Teikningar úr nýjum barna-bókum. Til 6.1.

Hafnarborg: Samsýningar: Samspil og Sambönd Íslands. Til 22. des.

Hallgrímskirkja: Aðalheiður Valgeirs-dóttir. Til 1.3.

Hús málaraanna, Eiðistorgi: Einar Há-konarson og Óli G. Jóhannsson. Til 23. des.

Íslensk graffík: Skúffugallerí. Til 8. des.

Listasafn Akureyrar: Hraun-ís-skógur. Til 15. des.

Listasafn ASÍ: Þorkell Þorkelsson. Til 8. des.

Listasafn Borgarness: Guðmundur Sig-urðsson. Til 23. des.

Listasafn Einars Jónssonar: Safnið er lokað fram í febrúar.

Listasafn Íslands: Íslensk myndlist 1980-2000. Til 15.1.

Listasafn Rvíkur - Ásmundars.: Listin meðal fólksins. Til 31. des.

Listasafn Rvíkur - Hafnarhús: Inga Svala Þórsdóttir. Arabalist. Til 19.1.

Listasafn Rvíkur - Kjarvalsstaðir: Mart-in Bigun. Til 15.1.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar: Andlits-myndir og afstraksjónir. Safnið er opið e. samkomulagi fram í febrúar. Til 30.3.

Mokkakaffi: Hildur Margrétardóttir. Til 15.1.

Norræna húsið: Veiðimenn í útnorðri. Til 15. des.

Nýlistasafnið, Vatnsstíg 3B: Giovanni Garcia-Fenech og JBK Ransu. Til 12.1.

Þjóðarþókhlaða: Halldór Laxness. Til 31. des.

Þjóðmenningarhúsið: Handritin. Landa-fundur. Skáld mánaðarins: Einar Sig-urðsson í Eyðölum. Til 8.8.

Upplýsingamiðstöð myndlistar: www.umm.is undir Fréttir.

TÓNLIST

Laugardagur
Hallgrímskirkja: SÍ. Jónaóratória J.S. Bach. Stj.: Hörður Áskelsson. Kl. 17.



Monica Groop er meðal einsöngvara í Jónaóratóríu Bachs.

Langholtskirkja: Kór Langholtskirkju, Kristinn Sigmundsson og Bubbi Mort-hens. Kl. 17.

Listasafn Rvíkur - Ásmundarsafn: Viola da gamba félagið. Kl. 12:30.

Salurinn, Kópavogi: Einsöngstónleikar: Edda Hrund Harðardóttir. Píanó: Rich-ard Simm. Kl. 16.

Sunnudagur
Hallgrímskirkja: Sölvguttene. Kl. 20.

Hjallakirkja, Kópavogi: Kór Hjalla-kirkju. Einsöngur: Sigrún Hjalmtýsdótt-ir. Kl. 20.

Langholtskirkja: Söngsveitin Fílharm-ónía. Einsöngvari: Sigrún Hjalmtýsdótt-ir. Stj.: Bernharður Wilkinson. Kl. 17.

Laugarneskirkja: Vígslutónleikar. Gunn-ar Gunnarsson organisti og Sigurður Flosason saxafón. Kl. 16.

Salurinn: KaSa hópurinn. Kl. 16.

Viðistaðakirkja, Hafnarfirði: Karlakór-inn Prestir, Lúðrasveit Hafnarfjadrar, Sigurður Skagfjörð og Kór eldri borg-ara. Kl. 20.

Þriðjudagur
Langholtskirkja: Sjá sunnudag. Kl. 20:30.

Neskirkja: Styrktartónleikar Amnesty International. Kl. 20.

LEIKLIST

Þjóðleikhúsið: Með fulla vasa af grjóti, lau. Kárius og Baktus, lau. Veislan, sun., fös.

Borgarleikhúsið: Honk! lau., sun. Með vífið í lúkunum, fim. Jón og Hólmfríður, lau. Rómeó og Júlía, sun.

Vesturport: Kvetch, lau.

Iðnó: Beyglur, fös. Hin smyrjandi jómfra, lau., sun.

Loftkastalinn: Benedikt búalfur, lau.

Hafnarfjarðarleikhúsið: Grettissaga, lau. Sellófon, mið.

Möguleikhúsið: Snuðra og Tuðra. Sýnt alla vikuna. Hvar er Stekkjarstaur?, mið., fim., fös.



SÖNGPERLUR ÍSLANDS OG EVRÓPU

Margar þekktustu söngperlur Íslands og Evrópu í frábærum

flutningi óperusöngvaranna Þóru Einarsdóttur og

Björns Jónssonar. Lög eftir Schumann,

Richard Strauss, Grieg og Siebelius, Sigfús Einarsson,

Pál Isólfsson og Bjarna Böðvarsson.

